


Skjaldborg um skuldirnar

Enn á ný er komin upp umræða um lánskjaravísitöluna og grundvöll hennar. Vísitalan var tekin upp árið 1979. Hún var byggð upp á byggingarvísitölu að tveimur þriðju og neysluvísitölu að einum þriðja. Verðtrygging lánsfjár var nýjung hér á landi en hún var tekin upp þegar ríkisstjórn Framsóknarmanna, Alþýðuflokks og Alþýðubandalags var við völd undir forsæti Ólafs Jóhannessonar. Á árunum á eftir var mikil óánægja með verðtrygginguna. Lítil skilningur var á því hvernig vísitalan virkaði. Margir áttuðu sig ekki á því að skuldir héldu „raunvirði“ sínu. Verðlag hækkaði hins vegar hraðar en laun um tíma og skuldir jukust hlutfallslega meira en ráðstöfunartekjur. Árið 1989 var vísitölunni breytt til þess að koma til móts við þessa gagnrýni og hún byggð upp af þremur jafngildum þáttum: neyslu-, launa- og byggingarvísitölum. Þetta varð til þess að laun fengu mjög mikið vægi í vísitölunni og launþegar áttuðu sig á því að svo gæti farið að stór hluti kjarabóta hyrfi við það að lán hækkuðu. Guðmundur J. Guðmundsson, formaður Dagsbrúnar, setti þá kröfu á oddinn að samsetningu vísitölunnar yrði breytt og öll verkalýðshreyfingin tók undir þá kröfu. Í kjölfarið var ákveðið að lánskjaravísitalan myndi fylgja neysluvísitölunni. Það hefur verið svo síðan árið 1995. Breytingin olli ekki miklum deilum.

Enn talað um breytingar

Ekki þarf að efast um að það væri mjög hagfelld fyrir íslenskt efnahagslíf að hér á landi væri stöðugur gjaldmiðill og stöðugt verðlag. Átta ára tilraunastarfsemi með sjálfstæða peningamálastefnu hefur brugðist. Við hrunið fyrir tæplega ári síðan varð breyting af því tagi að þjóðfélaginu var í raun snúið á haus, eignir þurrkuðust út á sama tíma og skuldir hækkuðu og tekjur lækkuðu. Þetta misgengi þarf að leiðrétta með almennum hætti. Ekki þannig að tjón manna verði að fullu bætt, heldur með því

Mynd: Þrjár vísitölur 1995-2009 (síðasta gildi haust 2009)



Lánskjaravísitala frá 1989, lánskjaravísitala frá 1995 og launavísitalan. Heimild: Hagstofa Íslands, útreikningar Vísendingar.

að leiðrétta að hluta þetta áfall sem jafna má við náttúruhamfarir. Stærstu leiðréttinguna þarf að gera á gengistrygðum lánum.

Á óvissutímum er mikilvægt að menn bæti ekki bölið með öðru verru. Tekjutengingar hafa verið sú lausn sem ráðherrar ríkisstjórnarinnar hafa bent á. Má þar nefna bæði viðskiptaráðherra og félags- og tryggingaráðherra. Þessi aðferð er afar hættulegt af tveimur ástæðum: Annars vegar verða miklar tekjur tengingar til þess að jaðarskattar aukast svo mjög að hvatinn til þess að fólk vinni sig út úr vandanum hverfur. Hins vegar er tenging lánskjaravísitölu við laun mun óhagstæðari launamönnum en núverandi vísitala, jafnvel þó að nú hafi orðið misgengi.

Stiglitz slæst í hópinn

Nóbelsverðlaunahafinn Stiglitz er nú kominn í hóp þeirra sem mælir með því að lán hækki í takt við laun. Á Íslandi er það lenska að telja að útlendingar hafi miklu meira vit á innlendum málum en þeir sem hér lifa og hrærast. Fljótferni er þó engu betri hjá gestum en Íslendingum. Reynslan

sýnir að lánskjaravísitala sem tengist launum er skuldurum afar óhagstæð. Á meðfylgjandi mynd eru sýndar þrjár vísitölur á árunum 1995 til 2009. Gamla lánskjaravísitalan (sú sem gildi frá 1989 til 1995) núverandi vísitala (sem hefur gildi frá 1995) og launavísitala.

Á myndinni sést að vísitalan frá 1989 hefði verið skuldurum mun óhagstæðari en núverandi vísitala. Verst hefði þó launavísitalan farið með skuldara. Jafnvel þó að lánskjaravísitalan núverandi hækki í lokin gagnstætt hinum er munurinn til lengri tíma sláandi. Skýringin er sú að launavísitalan hefur hækkað langt umfram almennt verðlag. Hefði gamla vísitalan (eða launavísitala) gildi þá hefði hluti kjarabótanna horfið sem hækkan á skuldum. Það er því ljóst að þessi breyting var kjarabót fyrir þá sem skulda, sem hefur gleymst þegar fjallað hefur verið um bættan hag launþega á undanförunum áratug. Þó að það geti virst heppilegt tímabundið að miða lánskjaravísitölu við þróun launa er það afar óhagstætt fyrir almenning til lengri tíma lítið. **V**

1 Það er almenningi í óhag ef lánskjaravísitalan verður tengd við laun.

2 Þróunarlönd voru ekki á eyðslufyllerí. Sleppa þau þá við kreppuna?

3 Er stjórnendur dæmdir af hæfileikum eða tilviljanakenndri afkomu fyrirtækja?

4 Stjórnmalamenn eru fljótir að gleyma sannfæringu gærdagsins ef annað hentar betur.

Hvers vegna leggst kreppan með meiri þunga á þróunarlönd?



Stefán Jón Hafstein

Umdæmisstjóri Þróunarsamvinnustofnunar í Malaví

Fljótt á lítið kynni að ætla að fjármálakreppan sem skeur bankaheiminn á Vesturlöndum kæmi ekki illa niður á fátækustu þróunarlöndunum. Bankar í fátækum löndum voru að mestu leyti utan við flókin afleiðuvíðskipti, áhættusækni og undirmálslán sem komu stóru bönkum ríku landanna á kaldan klaka. Að undanskilinni Nígeríu (þar sem ríkti íslenskt ástand með tilheyrandi veðlausum ofurlánum til klíkufélaga) voru flestir bankar í Afríku í skjóli fyrir fyrstu áhrifum af falli fjármálastofnana. Þróunarríkin hafa því ekki orðið að grípa til kostnaðarsamra björgunaraðgerða sem kosta iðnveldin nú þúsundir milljarða dala. Afleiðingar kreppunnar láta hins vegar ekki á sér standa. Þær má reikna í beinhörðum tölum: Í ár falla tugir milljóna manna niður fyrir hin skilgreindu fátækarmörk og mörg hundruð þúsund ungbörn hljóta ótímabæran dauðdaga vegna kreppunnar.

Peningaflæðið minnkar

Nokkrar meginástæður eru fyrir því að þróunarlöndin finna harkalega fyrir kreppunni: Peningasendingar heim frá farandverkamönnum minnka, verslun dregst saman og hrávöruverð lækkar, erlend fjárfesting minnkar og þróunaraðstoð líka. Þegar allt þetta gerist samtímis eru afleiðingarnar hörmulegar.

Nú þegar hefur dregið úr því að farandverkamenn sæki til ríku landanna í leit að atvinnu og góðum tekjum, þótt straumurinn hafi ekki snúið við því flestir virðast ætla að bíða af sér kreppuna í gístillandi. En á meðan senda þeir minna fé heim. Þessar heimsendingar voru fyrir kreppu taldar nema á bilinu 300-400 milljörðum bandaríkjadala á ári, eða meira en þrefaldri allri þróunaraðstoð í heiminum. Samdráttur gæti numið í kringum 20% í ár og á næsta ári. Í mörgum þróunarríkjum skipta þessar tekjur miklu máli, og geta numið frá 20% af þjóðarframleiðslu sem er ekki fátítt og upp í um 40% (Tadsjikistan 43%). Þessar greiðslur rata venjulega beint í vasa alþýðu og koma yfirleitt mest til góða smáfyrirtækjum heimamanna á hverjum stað. Skaðinn er því tilfinnanlegur.

Verslun og lán dragast saman

Heimsverslun á þessu ári dregst saman í fyrsta skipti í 80 ár. Hún er auðvitað að langmestu leyti milli ríkra landa innbyrðis. En samdráttur í innflutningi þeirra skaðar líka þróunarlöndin, hrávöruverð lækkar og eftirspurn minnkar; svonefnd „suður-suður“ verslun sem er ekki jafn næm fyrir kreppunni er aðeins 10% af heildarviðskiptum heimsins. Afrika sunnan Sahara tapar nær 500 milljörðum dala árin 2009-10 vegna minni viðskipta en áður. Stór hluti samdráttarins er vegna lækkandi olíuverðs, en smái hlutinn skiptir miklu fyrir þá sem minnst hafa milli handa. Málmar, baðmull, kaffi, kókó, tóbak og aðrar landbúnaðarvörur lækka í verði og seljast síður. Blómasölukonur í Keníu missa stóran hlut af sölu til velmegandi millistettarheimila í Evrópu sem nú spara við sig. Einstök lönd eru mjög háð einni eða tveimur vörutegundum, til dæmis gefur tóbak af sér 70% af útflutningstekjum Malaví. Sambía hefur tapað 25% af

Lánveitendur eru enn mjög áhættufælnir og því minnkar bein fjárfesting erlendra fyrirtækja í þróunarlöndum.

námastörfum landsins, en koparnámur eru megintekjulind. Vöruskiptahallinn eykst og gjaldeyrisforðinn er hættulega lítill hjá þeim löndum sem tæpast standa. Iðnveldin (Evrópusambandið og BNA) og nýveldin (Kína, Rússland, Brasilía, Indland) eru í þeirri stöðu að örva efnahagslífið með gríðarlegri innspýtingu í formi skulda eða úr varasjóðum, en þessi möguleiki er ekki til í þróunarlöndum; 75% prósent þeirra hafa hvorki lánstraust né varasjóði.

Lánveitendur eru enn mjög áhættufælnir og því minnkar bein fjárfesting erlendra fyrirtækja í þróunarlöndum. Samdráttur í beinum erlendum fjárfestingum í þróunarlöndunum var 20% árið 2008 og heldur áfram. Eitt af fátækustu löndum heims, Mósambík, sér tækifæri í náma- og orkuvinnslu gufa upp þegar fjárfestar halda að sér höndum. Vegna fjölbreytileika hagkerfanna eru afleiðingarnar misjafnar. Olíuríkjum eins

og Angóla, Súdan og Nígeríu er minni vorkunn en þeim sem lítil náttúruauðævi hafa. En á heildina lítið er skaðinn mikill og margfeldisáhrifin þegar allt leggst á eitt meiri en fátæku löndin hafa kynnst um langa hríð. Þarf að leita aftur til skuldakreppunnar á áttunda áratuginum eftir samlíkingu.

Samdráttur í stað aukningar

Ætla mátti að þegar allar helstu tekjulindir fátækra ríkja þornuðu upp kæmi aukin þróunaraðstoð. Því fer fjarri. Enn sem komið er vita menn ekki hve mikið þróunaraðstoð dregst saman frá árunum eftir aldamót. Fyrir kreppu lögðu G7-ríkin svonefndu um 50 milljörðum dala minna fram en þau lofuðu á leiðtogafundinum kenndum við Glean eagles að gera fyrir 2010. Það er því eðlilegt að spurt sé: Úr því að ekki var staðið við loforð á góðæristímum, hverjar eru líkurnar í kreppu? Svárið er: Engar og það sést. Örfá ríki munu standa við hið hátíðlega loforð um að veita 0,7% af þjóðarframleiðslu í þróunaraðstoð, en það er hlutfall af minni köku en áður þegar framleiðsla dregst saman. (Meðal þeirra eru Svíþjóð, Danmörk, Finnland og Írland auk Hollands). Önnur ríki, eins og Ísland, draga saman bæði sem hlutfall af þjóðarframleiðslu og í beinhörðum peningum. Og jafnvel þótt tölur á fjárlögum fari bara lítið eitt niður á við, þá fæst miklu minna fyrir verðminni gjaldmiðla eins og krónur, pund og dali sem hafa fallið í verði. Þróunaraðstoð dregst því mikið saman meðan þörfin er miklu meiri en áður. Fjármálaráðherrar Afríku telja að erlend framlög þurfi að aukast um 50 milljarða dala í ár og svipað á næsta ári aðeins til þess að jafna út áhrif kreppunnar fyrir fátækustu ríkin. Viðbrögð í ríku löndunum hafa þó ekki bara verið niðurskurður. G20-ríkin (sem skapa 90% af heimsframleiðslunni) hétu að leggja fram þúsund milljarða dala til að styrkja alþjóðlegar fjármálastofnanir. Alþjóða gjaldeyrisjóðurinn fékk stóran hlut til að liðka til og auka gjaldeyrisforða með lánalínum og öðrum ráðstöfunum til þess að ríki færu ekki í þrot. Af þessum þúsund milljörðum dala eru samt aðeins 50 milljarðar beint merktir þróunarlöndum.

Kreppan gerir vont verra

Kreppan hefur bein áhrif á líf og dauða í fátæku löndunum. Fyrri samdráttarskeið hafa sýnt beint samband milli niðurskurð-

framhald á bls. 4

Góð stjórnun - slæm stjórnun

Aárunum 2003 – 2007 töldu margir að íslenskir stjórnendur væru algjörir snillingar. Þeir þorðu að kaupa erlend fyrirtæki meðan útlendir fjárfestar voru enn að funda um málin. Boðleiðir voru stuttar og hraðinn mikill. Ísland var líka laust við allt skriffræði, sem gerði Íslendingum kleift að vinna hraðar en erlendir keppinautar. Þó að Ísland sé fámennnt land var það góð æfing fyrir útrásarvíkingana að reka fyrirtæki á heimavelli, því þar ríkti mikil samkeppni á mörkuðum. Það sem virkaði á Íslandi ætti því líka að ganga annars staðar. Svo voru þeir með víkingablóð í æðum og því ekki hræddir við að fara á erlenda vígvelli. Þetta var bara hluti af þeim eiginleikum sem gerði íslenska stjórnendur svo góða, að minnsta kosti ef tekið er mark á ræðu sem forseti Íslands, herra Ólafur Ragnar Grímsson hélt í London í maí 2005. Hann var þó ekki sá eini sem dásamaði íslenska stjórnendur, því það hlakkaði í mörgum Íslendingum þegar þeir heyrðu afrekssögur af löndum sínum sem eignuðust þekkt fyrirtæki í Danmörku, á Bretlandseyjum og víðar. Núna þykjumst við hins vegar sjá hið sanna í málinu. Útrásarvíkingarnir voru ævintýramenn sem tóku mikla áhættu á kostnað almennings. Þeir voru augljóslega skammsýnir og áhættustýring þeirra var léleg. Allt sem okkur þótti áður aðdánarvert hefur snúist í andhverfu sína. Eða hvað? Eru málin virkilega svona svart-hvít?

Geislabaugsáhrifin

Það er vel þekkt innan sálfræðinnar að álit okkar mótast að hluta til af fyrri reynslu. Edward L. Thorndike var fyrstur til þess að sýna fram á *fordóma* sem eru kallaðir *geislabaugsáhrifin* (e. *the halo effect*). Hann birti rannsóknarniðurstöður árið 1920 þar sem hann skoðaði viðhorf hermanna til yfirmanna sinna. Hann tók eftir því, að við sjáum flest aðra ekki sem samsetta persónuleika, blöndu af jákvæðum og neikvæðum eiginleikum, heldur finnst okkur þeir í grófum dráttum annað hvort góðir eða slæmir menn.

Í röð tilrauna sem Barry Staw hefur gert hafa þessi áhrif komið skýrt fram. Hann tók fólk og skipti því niður í hópa sem áttu hver um sig að leysa ýmis verkefni. Þátttakendum var svo annað hvort sagt að hópurinn þeirra hefði staðið sig vel eða illa. Þeir, sem var sagt að hópurinn hefði staðið sig vel, lýstu hópnum sínum sem samrýndum, að samskipti hefðu verið góð, og að fólk hefði verið opið

fyrir breytingum. Hinir, sem var sagt að hópur þeirra hefði staðið sig illa, sögðu hið gagnstæða. Í raun stóðu allir hóparnir sig álíka vel, eini munurinn var hvað fólk var sagt um frammistöðuna. Á svipaðan hátt komust James Meindl og samstarfsmenn hans að því, að álit manna á stjórnendum var mjög háð því hvernig viðkomandi fyrirtæki stóð sig. Meindl ályktaði, að ef menn hefðu ekki upplýsingar um það hvernig fyrirtæki stóð sig, hefðu þeir enga skoðun á leiðtogahæfileikum forstjórans. Ef fyrirtæki stendur sig vel er forstjóra þess lýst sem hugsjónamanni, heillandi náunga með góða samskiptahæfileika. Gengi fyrirtækið illa, var sama forstjóra lýst sem hikandi, utan við sig og hrokafullum. Phil Rozenzweig, prófessor í alþjóðastjórnun, hefur rannsakað geislabaugsáhrif í viðskiptalífnum gaumgæfilega. Þau eiga

Ef fyrirtæki stendur sig vel er forstjóra þess lýst sem hugsjónamanni, heillandi náunga með góða samskiptahæfileika.

sérstaklega við um stjórnun því að mörg hugtök þar eru oft bæði illa skilgreind og illmælanleg á hlutlægan hátt. Þetta gildir t.d. um fyrirtækjamenningu, leiðtogahæfileika og hvernig fyrirtækin þjóna viðskiptavinum sínum.

Seint á tíunda áratug síðustu aldar var hugbúnaðarfyrirtækið Cisco Systems lofað fyrir frábæra stefnumótun, framúrskarandi skipulag við yfirtöku fyrirtækja og skarpan fókus í samskiptum við viðskiptavinina. Eftir að netbólan sprakk var fyrirtækið sakað um að vera ómarkvisst, ráðvillt í yfirtökum fyrirtækja og hafa léleg tengsl við viðskiptavinina. Í raun hafði lítið breyst hjá fyrirtækinu sjálft, en léleg afkoma varð til þess að fólk sá fyrirtækið í nýju ljósi. Svipaða sögu er að segja um Dell sem var árið 2005 í fyrsta sæti yfir dæðustu fyrirtæki í heimi samkvæmt tímaritinu *Fortune*. Aðeins tveimur árum síðar var forstjóri fyrirtækisins, Kevin Rollins, rekinn í von um að hægt væri að auka hagnað og glæða sölu. Fjölmíðlar og greiningardeildir gáfu margar skýringar á því hvers vegna Dell hefði dalað, en við nánari athugun stóðust fæstar þeirra. Aftur var það fjárhagsleg staða sem breytti skoðun fólks.

Oft er ástæðan fyrir versnandi gengi almenn niðursveifla, breyttar markaðsaðstæður, aukin samkeppni eða tilviljun. Það getur samt verið erfitt að komast hjá þessum fyrirfram ákveðnu skoðunum. Sálfræðingurinn Richard Nisbett hefur sýnt fram á það að jafnvel þó að fólk sé sagt að það hafi látist blekkjast vegna geislabaugsáhrifanna trúi það því samt ekki.

Bestar eru því óhlutbundnar vísindalegar rannsóknir á gæðum stjórnunar. Samkvæmt Rozenberg eru þó margar þekktar úttektir undir geislabaugsáhrifunum. Rannsóknir sem hafa jafnvel átt stóran þátt í að móta viðhorf viðskiptalífsins á því hvað gerir stjórnendur góða. Þetta á meðal annars við um bókina *In Search of Excellence: Lessons from America's Best-Run Companies* frá 1982. Þar var byrjað á að velja úr 43 framúrskarandi fyrirtæki. Því næst var safnað gögnum með viðtölum, úttekt á fjölmiðlaumfjöllun og loks valin átta atíði sem sagt var að skiptu sköpum fyrir velgengni fyrirtækjanna. Þar má nefna framkvæmdavilja, og nálægð við viðskiptavinina. Þessi atíði samræmdust vel ímynd fólks af góðum stjórnarháttum og bókina varð metsölubók. Fljótlega tók þessum fyrirtækjum hins vegar að hnigna. Aðeins þriðjungur þeirra hækkaði meira í verði en hlutabréfamarkaðurinn almennt næstu fimm ár. Svipað gilti um hagnað. Af 35 fyrirtækjum sem til voru gögn um minnkaði hagnaður hjá 30. Hvernig stendur á því að fyrirtækjum sem stóðu sig vel að mörgu leyti hrakaði svona fljótt?

Skýringuna er að finna í því að menn rugluðu saman orsök og afleiðingu. Fyrirtækin höfðu góða eiginleika vegna þess að þeim gekk vel. Önnur mistök sem bæði almenningur og sérfræðingar gera oft er að horfa ekki á það hvernig fyrirtækin standa í samanburði við önnur fyrirtæki í sömu atvinnugrein. Fyrirtæki getur hafa bæt sig í flestum þáttum rekstrarins meðan önnur fyrirtæki hafa bæt sig enn meira. Þá eru það ekki aðeins innri þættir sem ráða afkomu fyrirtækja heldur oft ytri aðstæður sem fyrirtækin hafa enga stjórn á. Íslensk fyrirtæki gengu vel vegna þess að umhverfið var hagstætt. Um leið og þessar ytri aðstæður versnuðu hrundu fyrirtækin eins og spilaborg. Hins vegar skulum við ekki gleyma fyrri skoðun okkar á fyrirtækjunum. Ef okkur þótti þau standa sig frábærlega þá, en komumst að þeirri niðurstöðu að við höfðum rangt fyrir okkur, er víst að við höfum frekar rétt fyrir okkur núna? **V**

Kári S Friðriksson

framhald af bls. 2

ar og ungabarnadauða; í ár deyja milli 200 þúsund og 400 þúsund fleiri börn en ef kreppan hefði ekki skolið á. Í ár eru 40 milljónum fleiri vannærðir en í fyrra vegna kreppunnar. 50 milljónir manna missa atvinnu í ár. Bersýnilega hefur atvinnumissir miklu verri áhrif í fátæku landi án bóta og velferðarkerfis en í vestrænum ríkjum. Staða þeirra sem halda vinnunni er lakari en áður. Það á auðvitað við um alla, bæði í ríku löndunum og þeim fátæku, en þegar tekjurnar eru ekki nema 2 dalir á dag eins og raunin er oft í þróunarlöndunum getur skerðing skilið á milli feigs og ófeigs. Það er ótrúlegt, en 43% af virku vinnuafla heimsins hafa minna en tvo dollara á dag í tekjur. Í ár veldur tekjufallið því að 200 milljónir manna í viðbót færast niður fyrir þessi mörk. Staðan versnar því margfalt þegar

heilsugæsla og félagskerfi veikjast, fjöldi missir vinnu og aðrir hafa minna milli handa; þetta hefur áhrif á kjör mörg hundruð milljóna manna.

Fátæktarmörk Alþjóðabankans eru dregin við 1,25 dali í tekjur á dag. Einn og hálfur milljarður manna er undir þessum mörkum og það fjölgar í þeim hóp. Með hliðsjón af fyrri reynslu er öruggt að fjöldi barna flosnar upp úr skólum, mun fleira fólk en ella missir líkamlegt atgervi vegna vannæringar og sjúkdómar leggjast miklu harðar á fólk nú. Þetta er óumflýjanlegt miðað við rannsóknir og reynslu fyrri ára. Fátækir finna fyrr og verr fyrir kreppu og eiga mun erfiðara með að rísa upp aftur að henni lokinni en hinir sem njóta betri aðbúnaðar. Í bráð er því kreppan harðari í þróunarlöndum og í lengd er leiðin upp úr henni torsóttari. **V**

Það er búið

Nú keppast menn við að lýsa því yfir erlendis að kreppunni sé lokið. Á sama tíma vilja íslenskir ráðamenn búa þjóðina undir erfiðan vetur. Skýringin er auðvitað að hluta til sú að vandi Íslendinga er miklu meiri en annarra þjóða. Aðgerðaleysi stjórnvalda síðan í fyrrahaust hefur þó ekki minni áhrif.

Ben Bernanke, formaður bankastjórnar seðlabanka Bandaríkjanna, sagði í ræðu að líklega væri kreppunni lokið frá tæknilegu sjónarmiði. Þetta þýðir að hagkerfið hættir að dragast saman. Íslandsvinirnir í Danska banka gáfu út sambærilega spá um Evrópu. Reyndar verður að geta þess að seðlabankastjóri sagði líka að kreppan á Íslandi yrði á enda næsta vor.

Sumum kann að virðast það ein-kennilegt að á sama tíma og kreppan bítur marga með atvinnuleysi, skuldum og lágum launum geti henni verið lokið. Greining Íslandsbanka taldi þetta til dæmis fjarri lagi. Samt er það svo að kreppa í hagfræðilegum skilningi miðast við það hvort hagkerfið stækkar eða minnkar. Hagvöxtur er undirstaða þess að lífskjör batni og samdráttur uppskrift að versnandi stöðu almennings. Hins vegar segir hann ekkert til um það hvort fólki líður betur eða verr. Væntingavísitala Gallups hefur verið í lágmarki að undanfögnu og gildi hennar svo lágt að jafna má við örvæntingu. Þegar væntingar batna verður það til þess

að fólk hættir að halda að sér höndum og hjól atvinnulífsins fara að snúast hraðar.

En það eru ekki bara væntingar sem eru eins og hundur sem eltir rófunu á sér. Ástæðan fyrir því, að menn vænta þess að bjartara sé framundan, er sú að ríkisstjórnir víða um heim hafa dælt peningum inn í hagkerfið. Það er ekki hættulaust. Fyrir utan það hve skuldug ríkin verða á eftir er hætt við því, að peningaflæðið geti valdið verðbólgu þegar hagkerfið tekur við sér. Fáir hafa viljað taka lán til nýrra fjárfestinga og bankar hafa verið fastheldnir á fé þó að nóg sé til. Of stór peningaskammtur getur valdið því að kerfið ofhitni og verðlag hækki. Þetta vita Bernanke og félagar vel og vilja því stilla kerfið rétt þannig að vextir hækki um leið og verðbólgan lætur á sér kræla. Þetta verður viðfangsefni þeirra meðan hagkerfið hjarnar við.

Bernanke er þó ekki í vafa um hvers vegna bjartari tímar virðist framundan: „Ef ekki hefði verið gripið til kraftmikilla aðgerða í skyndingu hefði örvæntingin sem byrjaði í október síðastliðnum líklega aukist eða fleiri stór fjármálafyrirtæki farið á hausinn og allt fjármálakerfi heimsins hefði verið í hættu. Við vitum ekki fyrir víst hvaða afleiðingar þetta hefði haft efnahagslega, en það sem við vitum bendir til þess að samdrátturinn í hagkerfi heimsins hefði orðið afar mikill og langvinnur“. Ástandið á Íslandi bendir til þess að bankastjórnin hafi á réttu að standa. **V**

Aðrir sálmar

Það er gott að gleyma

Sjórnmálaumræður eru oft þannig að manni virðist að stjórnmálamenn geti hiklaust gengið inn í hlutverk eins og leikarar á sviði. Hinn blíðasti leikari getur leikið illmennni sem áhorfendum stendur ógn af og leikkona sem er hrútleiðinleg í daglegu lífi getur látið sýningargesti veltast um af hlátri. Þetta er glæsilegt á leiksviði en dapurlegt á Alþingi. Sumir dást að vísu í blindni að sínum mönnum hvað sem á bjátar, rétt eins og um fótboltalið væri að ræða. En fyrir síðustu alþingiskosningar var það innan við helmingur sem fylgdi sínum flokki af svo mikilli sannfæringu að hann gæti ekki hugsað sér að kjósa einhvern annan flokk. Hvergi endurspegladist hlutverkaleikurinn betur en í Icesave-málinu. Meðan Geir Haarde var forsætisráðherra var tekin sú ákvörðun að semja skyldi. Steingrímur J. Sigfússon og flokksmenn hans börðust á móti. Í sumar var Steingrímur stuðningsmaður samninganna og Sjálfstæðismenn börðust á móti. Á endanum stóðu flestir þingmenn þó saman um að finna lausn á málinu, lausn sem var örugglega betri en sú sem lá á borðinu.

Þegar útlent fyrirtæki vill kaupa hlutabréf í HS orku hefur minnihlutinn í borgarstjórn rifjað upp REI málið með sínum hætti. Hið rétta var eftirfarandi: Dagur vildi samruna REI við Geysi Green, en án kaupréttarsamninga. Dagur mótmælti ekki aðkomu Bjarna Ármannssonar. Hann studdi aðkomu einkaaðila að málinu og kippti sér ekki upp við það að þeir fengju 20 ára einkaréttarsamning að þekkingu Orkuveitunnar. Hann blindaðist af hagnaðarvon sem í fyrirtækinu átti að vera og féll fyrir því að verðmætið var sagt vera 10 milljarðar króna. Það voru bara tölur á blaði fengnar með því að hækka verðmæti GGE á móti. Dagur virðist hafa fullt umboð Samfylkingarinnar til þess að afhenda eigur og þekkingu borgarbúa til einkaaðila. Fjármagni borgarbúa átti að hætta í Afríku og Indónesíu. Hann talaði með blik í augum um geysilega hagnaðarvon í framtíðinni. Síðan hafa markaðir hrunið.

Þessi saga var ekki rifjuð upp í borgarstjórn heldur endurhönnuð saga „eins og hún hefði átt að vera.“ *bj*

Ritstjóri og ábyrgðarmaður: Benedikt Jóhannesson
Útgefandi: Heimur hf., Borgartúni 23, 105 Rvík.
Sími: 512 7575. Myndsending: 561 8646.
Netfang: visbending@heimur.is.
Prentun: Heimur. Upplag: 700 eintök.
Öll réttindi áskilin. © Ritið má ekki afrita
án leyfis útgefanda.